



Skýrsla stjórnar 2022/2023

Foreldrafélag Stekkjaskóla kt. 560222-2460

Email: foreldrafelag@stekkjaskoli.is

Website: <https://www.facebook.com/groups/964721584458659>

EFNISYFIRLIT

Skýrsla stjórnar _____	3
Helstu verkefni og viðburðir _____	3
Stjórn, nefndir og ráð veturinn 2022/2023 _____	5
Ársreikningur _____	6

SKÝRSLA STJÓRNAR

Annað starfsár Stekkjaskóla var viðburðaríkt líkt og hið fyrsta og hæst ber að nefna flutning skólastarfsins í glæsilega nýbyggingu við Heiðarstekk 10 í marsmánuði, vissulega nokkru seinna en ráð var fyrir gert, en þeim mun kærkomnara.

Fyrsti reglulegi aðalfundur Foreldrafélags Stekkjaskóla var haldinn í matsal skólans miðvikudaginn 21. september 2022. Það er ef til vill í ágætu samræmi við áhyggjur bæði skólayfirvalda og stjórnvalda af virkni foreldrastarfs á Íslandi, að á aðalfundinn mættu einungis þrír foreldrar auk stjórnarmanna foreldrafélagsins og er það einlæg von undirritaðs að við yfirferð þessa skýrslubrots á öðrum reglulega aðalfundi félagsins verði áheyrendur ögn fleiri. Á fundinum var fyrsta stjórn félagsins að mestu endurkjörin þar sem Pétur Aðalsteinsson var kjörinn formaður og til áframhaldandi stjórnarsetu Eva María Pétursdóttir, Kristjana Sigríður Skúladóttir og Sólveig Ingadóttir en auk þeirra var Róbert Sverrisson kosinn nýr inn í stjórnina í stað Guðjóns Bjarna Hálfðánarsonar sem óskaði þess að hætta ef önnur framboð bærust á fundinum. Guðjón Bjarni og Smári Hallgrímsson gáfu áfram kost á sér til setu í skólaráði skólans fyrir hönd foreldra. Önnur aðalfundarstörf voru hefðbundin, umræður líflegar og spenningurinn að sjálfsögðu mestur fyrir nýju skólahúsnæði sem vonir stóðu til að myndi klárast fyrir áramót.

Helstu verkefni og viðburðir

Eitt fyrsta verkefni stjórnar var að vinna að því að útvega sýnileikavesti fyrir nemendur í 1. og 2. bekk skólans og sökum takmarkaðra fjárráða þá var var leitað til tryggingarfélagsins Sjóvár sem tók félaginu vel og gaf 80 sýnileikavesti. Foreldrafélagið kostaði nafnamerkingu þeirra og þann 22. nóvember fengu nemendur vestin afhent úr hendi fulltrúa foreldrafélagsins í samvinnu við lögregluna sem uppfræddi nemendur við sama tilefni um umferðaröryggi og mikilvægi þess að nota endurskinsvesti og -merki í skammdeginu. Er það von undirritaðs að þessari hefð verið viðhaldið og nemendum 1. bekkjar verði árlega færð slík vesti til eignar.

Hautverkefni stjórnarinnar venju samkvæmt fólust ennfremur í því kalla eftir skipun 2-3 bekkjarfulltrúa foreldra í öllum árgöngum og undirbúa starf þeirra auk innheimtu árgjalds. Þann 15. nóvember var haldinn samráðsfundur með bekkjartenglum og þeir hvattir til dáða um skipulag samverustunda barna og foreldra. Nokkrir vel heppnaðir viðburðir voru haldnir en

Í þessu starfi má gera enn betur á komandi vetri. Líkt og hið fyrra ár gekk innheimta árgjaldsins á hinn bóginn vonum frammar eins og gjaldkeri mun vafalítið greina frá hér á eftir.

Eins og fyrr sagði hófst kennsla í nýju og stórglæsilegu skólahúsnæði við Heiðarstekk 10 þann 22. mars 2023 og hér er vítt til veggja og aðstaða öll eins og best verður á kosið. Nemendum fjölgar hratt í sístækkandi skólahverfi og var orðið all þröngt um starfsfólk og nemendur í bráðabirgðahúsnæði skólans sem þó þjónaði hlutverki sínu vel þann tíma sem því var ætlað.

Foreldrafélagið beið ekki boðanna og boðaði til foreldra til fræðslufundar í nýja húsnæðinu þann 28. mars þar sem Sabína Steinunn Halldórsdóttir, íþróttakennari með meiru fjallaði um það hvernig nýta má útivist og nærumhverfi í náttúrunni til leiks og náms. Rösklega þrjátíu forráðamenn mættu á fræðslukvöldið og gerðu góðan róm að og nutu í lok þess fylgd skólastjórnenda um nýja skólahúsnæðið.

Venju samkvæmt tók foreldrafélagið virkan þátt í vorhátíð Stekkjaskóla þann 6. júní þar sem nemendur, kennarar og forráðamenn koma saman, fagna skólalokum og eiga saman skemmtilega stund. Að þessu sinni stóð foreldrafélagið fyrir því að fá fulltrúa viðbragðsaðila í bæjarfélaginu okkar til þess að koma og hitta krakkana og mættu fulltrúar lögreglu, sjúkraflutninga og slökkviliðs á tækjum sínum og vöktu mikla lukku. Þá stóðu foreldrar við grillið, skenktu heitt kakó og gáfu sykurpúða sem krakkarnir steiktu yfir opnum eldi. Frábær dagur að vanda sem lokaði vel lukkuðu og viðburðarríku skólaári.

Á formlegri vígslu okkar glæsilegu skólabyggingarinnar sem haldin var undir skólalok þann 1. júní tók undirritaður verðandi fyrrverandi formaður Foreldrafélags Stekkjaskóla til máls, óskaði öllum hlutaðeigandi til hamingju með glæsilega aðstöðu en nýtti tækifærið ennfremur og áminnti forráðamenn bæjarfélagsins um að fjárfesting í skólastarfi má ekki eingöngu felast í steinsteypu og fermetrum húsnæðis því það sem allra mestu máli skiptir í skólastarfinu, fyrir utan nemendurna sjálfa, er það fólk sem þar ræðst til starfa við kennslu og önnur störf. Í því þarf að fjárfesta og að þeim þarf að hlúa. Mig langar að ítreka þau orð hér um leið og ég, fyrir hönd stjórnar foreldrafélags Stekkjaskóla, þakka kærlega fyrir samstarfið á liðnum vetri.

Stjórn, nefndir og ráð veturinn 2022/2023

Stjórn foreldrafélagsins:

Formaður	Pétur Aðalsteinsson
Varaformaður	Kristjana Sigríður Skúladóttir
Gjaldkeri	Sólveig Ingadóttir
Ritari	Eva María Pétursdóttir
Meðstjórnandi	Róbert Sverrisson

Fulltrúar í skólaráði Stekkjaskóla

Guðjón Bjarni Hálfánarson
Smári Hallgrímsson

Fulltrúi í matsteymi Stekkjaskóla

Kristjana Sigríður Skúladóttir

Forvarnarfulltrúi

Róbert Sverrisson

ÁRSREIKNINGUR

Foreldrafélag Stekkjaskóla
kt. 560222-2460
Heiðarstekk 10, 800 Selfoss
2022-2023

Rekstrarreikningur

	Gjöld	Tekjur
Félagsgjöld		290.988
Vextir á reikningi		273
Greiddir reikningar*	180.543	
Innheimtubjónusta	17.274	
Fjármagnstekjuskattur	60	
Rekstrarafgangur	93.384 kr	
	kr. 291.261	291.261

Efnahagsreikningur

	Eignir	Skuldir
Innistæða á reikningi	166.860	
Hagnaður ársins		93.384
Rekstrarafgangur fyrri ára		73.476
	kr. 166.860	166.860

Sundurliðanir

Liðir	Fjárhæð
Kex f. aðalfund	2.877
Merking vesta f. 1 og 2. bekk	84.810
Bekkjarkvöld 5. bekkjar	10.000
Veitingar f. fræðslukvöld	2.476
Fyrirlestur (60%)	48.000
Blóm og kort v. vígsluhátíðar	6.262
Bekkjarkvöld 1. bekkjar	9.871
Kakó og sykurpúðar f. vorhátíð	8.247
Gjöf til skólans, hreyfibækur Sabínu	8000
*Samtals greiddir reikningar	kr. 180.543

Berglind ísk Einarsdóttir
skoðunarmaður reikninga

Ólveig Ingadóttir
gjaldkeri